



Velferðarráð

Reykjavík, 24. janúar 2025
VEL25010024

Staða heimilislausra kvenna í neyslu sem búa við ofbeldi

Á fundi mannréttinda- og ofbeldisvarnarráðs þann 23. janúar 2025, fór fram umræða og kynningar velferðarsviðs og Rótarinnar um stöðu heimilislausra kvenna í neyslu sem búa við ofbeldi, sbr. 3. lið fundargerðar sama dag.

Mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð lagði fram svohljóðandi bókun:

Mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð tekur undir mikilvægi þess að komið verði á sérstöku úrræði í takt við þá þjónustu sem Kvennaathvarfið veitir fyrir konur í vímuefnaneyslu með áfallamiðaðri nálgun. Núverandi fyrirkomulag brýtur gegn mannréttindum þeirra kvenna sem búa við ofbeldi og glíma á sama tíma við vímuefnavanda. Lögð er áhersla á mikilvægi þess að öll sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu og ríkið komi að verkefninu. Slík krafa um samráð má hins vegar ekki seinka því að úrræði af þessu tagi verði komið á. Mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð beinir því til Velferðarráðs að vinna tafarlaust að opnun kvennaathvarfs fyrir konur með vímuefnavanda. Málið þolir enga bið

Samþykkt að senda bókun ráðsins til velferðarráðs.

Það tilkynnist hér með

Elísabet Pétursdóttir
Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa
Miðlæg stjórnarsýsla

Hjálagt:
Kynning - VEL
Kynning - Rótin



Heimilisofbeldi í málaflokki

HMFB

Úrræði fyrir heimilisláusar konur í neyslu sem búa við ofbeldi

Soffía Hjördís Ólafsdóttir

Deildarstjóri í málaflokki heimilisláusra með miklar og flóknar þjónustuparfir

Félagsráðgjafi, MA



Reykjavík



Heimilisofbeldi og heimilisleysi

• Heimilisofbeldi getur verið orsök og afleiðing heimilisleysis

- Konur með vímuefnavanda 5x líklegri til að verða fyrir ofbeldi í nánnum samböndum
- Einstaklingar sem hafa upplifað ofbeldi í nánnum samböndum eru 80% líklegri við að glíma við heimilisleysi
- Konur sem glíma við heimilisleysi 3x líklegri að verða fyrir ofbeldi í samanburði við þær sem eru í búsetu

• Flókin tengsl í samböndum hjá konum sem glíma við heimilisleysi

- Treysta sér oft ekki til að fara með mál áfram í kerfi
- Kerfi illa búin að mæta málum

• Konur með vímuefnavanda búa við skert aðgengi að þjónustu

- Ýtir undir fordóma og jaðarsetningu
- Þörf á sérhæfðri nálgun

• Gildismat á ofbeldi skekk



Hvað er til staðar í dag?

- Konukot
- Skjólið
- Housing first
- Sólarhringsbúseta
- SGO?
- Reynslan af Skipholti nýtt í uppbyggingu úrræða í HMFb



**HÁSKÓLI
ÍSLANDS**

**MA-ritgerð
í félagsráðgjöf til starfsréttinda**

**„Við vitum að þörfin er til staðar“
Þarfagreining á kvennaathvarfi fyrir konur með alvarlegan
vímuefnavanda**

Sigfríður Ólafsdóttir

Leiðbeinandi: Doktor Steinunn Hrafnadóttir
Júní 2024



HÍ | FÉLAGSRÁÐGJAFARDEILD



Reykjavík

Kvennaathvarf fyrir konur með virkan vímuefnavanda

Kristín I. Pálsdóttir

23. janúar 2025





- Neyðarskýli fyrir húsnæðislausar konur í Reykjavík, rekið af Rótinni samkvæmt þjónustusamningi við Reykjavíkurborg á grundvelli mannréttinda og skaðaminnkunarnálgunar
- Grunnþörfum sinnt hvað varðar húsnæði, hreinlæti og mat
- Opið frá kl. 17:00 til kl. 10:00 daginn eftir
- Rúm fyrir tólf konur en engum vísað frá

- Þjónustan skal vera:
 - áfalla- og kynjamiðuð
 - fylgja viðmiðum um öryggi, trúverðugleika og gagnsæi, jafningjastuðning, samvinnu og gagnvirkni, valdeflingu og val
 - einstaklingsmiðuð, valdeflandi og viðhafa samvinnu og notendasamráð
 - kynjamiðuð nálgun og skv. „konur sinna konum“-viðmiðum



Bakgrunnur heimislausra kvenna

- Langvarandi áfallasaga, fjölbreyttra og flókinna áfalla
- Flókin kynjaður vandi
- Í fáum hópum er hærra hlutfall þolenda kynbundinnar áreitni, ofbeldis og vanrækslu
- Langvarandi ofbeldissaga er helsti fyrirboði heimilisleysis kvenna
- Fjórum sinnum líklegri en aðrar konur að hafa upplifað ofbeldi í nánnum samböndum, heimilisleysi er oft bein afleiðing af því
- Afleiðing ofbeldis, vanrækslu, fátæktar og fleiri félagslegra þátta

Konukot

- Heimilislausar konur glíma oftar við meiri heilsufarsvanda en karlar í sömu stöðu, þær þurfa meiri hjúkrun, læknisaðstoð, sjúkrabíla, innlagnir á bráðadeildir o.s.fr.
- Nauðsynlegt að geta boðið öruggt og áreitilaust umhverfi og hins vegar að útvega konum sem eru í miklu uppnámi og/eða árásargjarnar stað þar sem þær geta verið út af fyrir sig
- Margar kvennanna ættu að vera í öðrum úrræðum




GREVIO - Nefnd Evrópuráðsins um ofbeldi gegn konum og heimilisofbeldi

- Kerfi hér ekki nægilega í stakk búin til að bregðast við ofbeldi gegn jaðarsettum hópum, svo sem konum með vímuefnavanda
- Mælt „til þess að íslensk stjórnvöld grípi til nauðsynlegra ráðstafana til að tryggja að konum með vímuefnavanda og konum í vændi sé tryggð örugg gistaðstaða ásamt lagalegri og sálfræðilegri ráðgjöf og stuðningi, sem mætir þörfum þeirra sem þolendum ofbeldis. Þá skal þeim veitt önnur sú þjónusta sem þær þurfa á hátt sem þeim hentar.“
- Konur með vímuefnavanda ekki með aðgang að kvennaathvarfi
- Konum með vímuefnavanda er mismunað



Áfallafræðin

- Judith Lewis Herman setur fram kenningu um áföll í lífi kvenna í bókinni *Trauma and Recovery*.
- Heimilið er vígvöllur kvenna
- Þegar hún hóf störf sem læknir var talið að einn af hverjum milljón hefði orðið fyrir sífjaspellum



“The core experience of psychological trauma are disempowerment and disconnection from others. Recovery, therefore, is based on the empowerment of the survivors and the creations of new connections”.

Judith Lewis Herman



Áfallafræðin

- Judith Lewis Herman setur fram kenningu um áföll í lífi kvenna í bókinni *Trauma and Recovery*.
- Heimilið er vígvöllur kvenna
- Þrjú stig bata
 1. Að skapa öryggi,
 2. Að rifja upp og syrgja og
 3. Að aðlagast venjulegu lífi að nýjuÍ síðustu bók sinni ræðir hún um að bæta fjórða stiginu við:
 4. Réttlæti
- Einn af hverjum milljón var sagður hafa orðið fyrir sifjaspellum
- Hysterískar konur

“In recent years, I have begun to contemplate the idea of a fourth and final stage of recovery, and that is justice. If trauma is truly a social problem, and indeed it is, then recovery cannot be simply a private, individual matter.”

Judith Lewis Herman
*Truth and Repair. How Trauma Survivors
Envision Justice, 2023*




Skaðaminnkun

- Konur sem nota vímuefni búa við tvöfalt stigma
 - Þær veigra sér við að leita þjónustu þar sem að þá “kemst upp um þær”. Þ.e. að þær séu að nota vímuefni
 - Þær leita síður til samfélagsverkefna
- Fordómar í heilbrigðiskerfi og jafnvel í skaðaminnkunarþjónustu
 - Neikvæð framkoma starfsfólks
 - Verða fyrir fordómum og búast við fordómum



Breytingar á fíknistefnu



Takk fyrir mig!

